

Byggyrki á markaði vorið 2007

Hluti úr grein, sem mun birtast í Handbók bænda 2007

Jónatan Hermannsson

Hverju á að sá og hvar?

Skipting landsins í ræktunarbelti hefur verið kynnt í Handbókinni undanfarin ár. Það verður látið niður falla núna, en vísað í upphafsgreinina; hún birtist í Handbókinni 2001. Hér verður látið nægja að fullyrða, að í stórum dráttum hentar sexraðabygg norðanlands, en tvíraðabygg sunnanlands; þó er þessi skipting fjarri því að vera einhlít. Og geta má þess, að skiptin milli Suður- og Norðurlands frá sjónarhóli kornsins eru um Skarðsheiði vestanlands og Almannaskarð eystra. Þannig er mestur hluti Borgarfjarðarhéraðs og Fljótsdalshérað allt á Norðurlandi.

Nú henta hin ýmsu byggyrki misvel eftir jarðvegi. Og athyglisvert er, að þau yrki, sem best henta í þungum jarðvegi, það er til dæmis framræstri mýri, eru þau sömu og henta best norðanlands. Á sama hátt henta suðlæg yrki best í sandjörð. Þannig geta yrkin farið yfir mörk milli landshluta. Þessir og aðrir eiginleikar byggyrkja verða hér settir upp í einfalda töflu:

6. tafla. Byggyrkjum raðað eftir viðbrögðum þeirra við náttúrufari og jarðvegsgerð. Tölur eru fengnar úr tilraunum Rala/LbhÍ 2000–2005; hæð og skrið einungis frá Korpu, en þurrefni úr tilraunum víða um land.

Hentar á	Yrki	Þjóð- erni	Hæð undir ax, sm	Skrið í júlí	Þurrefni v/skurð, %	Hentar á	
Norður- landi	Gamliskúmur	6r	ísl.	59	15.	60	þyngstu jörð (mýri)
	Tiril	6r	nor.	99	17.	63	
	Judit	6r	sæn.	95	17.	63	
	Olsok	6r	nor.	102	19.	64	
	Lavrans	6r	nor.	100	14.	61	
	Skegla	2r	ísl.	91	13.	62	
	Kría	2r	ísl.	82	16.	61	
	Ven	6r	nor.	103	23.	58	
Suður- landi	Filippa	2r	sæn.	89	21.	56	léttustu
	Saana	2r	fin.	85	24.	55	jörð
	Rekyl	2r	sæn.	85	22.	55	(sandi)

En kornakrar verða ekki skornir allir í einu. Til að nýta tækjabúnað, svo sem þreskivélar og þurrkstöðvar, þarf að búa svo um hnútana, að kornskurðartíminn geti verið fjórar og helst sex vikur. Undir það þurfa menn að búa sig, þegar korn er valið í akra. Best er, ef bóndi hver velur í akra sína tvenns konar korn; annars vegar fljótþroska korn, sem má þá vera viðkvæmt fyrir veðri, því að það verður tekið snemma og hins vegar strásterkt korn, sem má vera nokkuð seinþroska, því að það þarf að standa langt fram á haust og verður tekið, þegar skurðarvélin fer síðari umferð um sveitina.

Þetta hafa Skagfirðingar gert skipulega undanfarin ár. Þeir hafa sáð Arve til helminga eða rúmlega það og hafa tekið hann snemma, því að óráð hefur verið að geyma hann fram á haustið, svo viðkvæmur sem hann er fyrir veðri. Fyrir síðari umferðina hafa þeir sáð Skeglu eða Kríu, sem til þessa hafa þolað haustveðrin í Skagafirði án mikilla áfalla.

Sunnanlands gætu menn haft sama háttinn á, en þar væru Skegla eða Kría í hlutverki snemmþroska kornsins, en Filippa eða Saana hlutverki þess seinþroska, sem standa á fram á haustið.

Byggyrki

Hér á eftir fylgir svo lýsing á þeim byggyrkjum sem mælt er með og fánleg verða vorið 2007. Skarð er fyrir skildi, þar sem yrkinu Arve hefur verið lagt og sáðkorn af því er og verður ófáanlegt. Segja má, að Arve hafi staðið undir kornræktinni norðanlands síðustu tíu ár að minnsta kosti:

Olsok

Sexraða, norskt, þrautreynt héraendis. Hlýtur að koma að miklu leyti í stað Arve norðanlands nú í sumar. Skríður ekki snemma, en skilar velþroskaðri uppskeru. Hentar nokkuð vel á sendnu landi og hefur reynst sérlega vel í Hólminum í Skagafirði og einnig nokkuð vel í uppsveitum sunnanlands. Olsok er aftur á móti varnarlaust gagnvart blaðsjúkdómum og getur því farið illa í gömlum ökrum. Sveppurinn leggst meðal annars á stöngulinn og sýkt bygg leggst því oft kylliflatt.

Tiril

Sexraða, norskt, nýtt. Norðmenn ætla þessu yrki að koma í stað Arve. Það er ívið seinna til þroska en Arve, en að öðru leyti svipað. Hér skal mælt með því, að menn reyni það í sumar, enda verða Olsok og Tiril að fylla það skarð, sem Arve skilur eftir sig.

Judit

Sexraða, sænskt, fljótþroska, nýtt. Þetta yrki hefur verið í tilraunum Rala/LbhÍ í fjögur ár um allt land og hefur staðið sig með ágætum, þar sem sexraða bygg á á annað borð heima. Það er fyrst núna að koma á markað og óvíst, hvort sáðkorn fæst af því í vor að einhverju marki. Hugsanlegt er, að þetta yrki geti fyllt skarðið eftir Arve og menn eru hvattir til að sá því til reynslu.

Lavrans

Sexraða, norskt. Þetta yrki einkennist af nokkuð öruggri mótstöðu gegn augnbletti. Það hefur ekki skilað uppskeru á við bestu sexraðayrki norðanlands og á líklega helst heima í uppsveitum sunnanlands.

Ven

Sexraða, norskt, tiltölulega seinþroska en hefur gefið góða uppskeru í bestu árum. Þetta yrki þarf nokkuð langan vaxtartíma og hægt er að mæla með því, ef hægt er að sá snemma. Það gæti átt vel heima í sandjörð norðanlands og jafnvel syðra líka. Vegna þess, hve það er seinþroska, er því ekki eins hætt við fokskemmum og öðrum sexraðayrkjum.

Gamliskúmur

Sexraða, íslenskt, fljótþroska, flutt inn á undanþágu og verður aðeins til sölu þetta eina vor. Yrkið er mjög lágvaxið, en er að meðaltali uppskerumesta yrki, sem hér hefur verið reynt í tilraunum. Gallinn er aftur sá, að uppskeran er laus í sér og kornið fyrirferðarmikið. Gamliskúmur hentar vel í mýrlendi og þungri jörð, en alls ekki í sandi. Þar hleypur hann í bráðan þroska um mitt sumar og kornið verður smælki.

Skegla

Tvíraða, íslenskt. Mjög fljótþroska. Skilar ekki uppskeru til jafns við sexraðabygg norðanlands, en stendur þar vel. Reynist best í uppsveitum sunnanlands, í Hornafirði og víðar, til dæmis í Skagafirði. Í lágsveitum sunnanlands reynist Skegla óþarflega fljótþroska og notar ekki allan vaxtartímann. Hún er þar oftast tilbúin til skurðar í ágústlok.

Kría

Tvíraða, íslenskt, nýtt, líkt Skeglu. Lítið eitt seinni til þroska en Skegla, lægri á vöxt, en skilar 10% meiri uppskeru. Ætti að geta gengið nokkuð víða á landinu, hentar í síðari skurðarumferð norðanlands, eins og áður er minnt á. Kría var samt sett saman með tilliti til þess, að hún félli að veðurfari sunnanlands.

Filippa

Tvíraða, sænskt, þrautreynt hérlendis. Fremur seinþroska og hentar ekki norðanlands. Polir súra jörð. Á best heima á mýrlendi sunnantil á landinu. Bognar í haustveðrum, en brotnar ekki.

Saana

Tvíraða, finnskt, hefur verið notað hérlendis síðustu fjögur ár. Seinþroska en strásterkt og stendur vel fram eftir hausti. Saana þarf langan vaxtartíma og hentar ekki annars staðar en þar sem hægt er að sá snemma og sumarið er langt, það er syðst á landinu.

Rekyl

Tvíraða, sænskt, nýtt, seinþroska. Leysti Gunillu af hólmi þegar það ágæta yrki hvarf af markaði. Rekyl hefur tæpast náð að fylla skarðið og óvíst er, hvort það verður fánlegt í vor.